

# Frístund fyrir alla í 1.-4. bekk fyrir hádegi á skipulagsdögum

## Hvað er frístund?

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir börn á aldrinum 6-9 ára eftir að kennslu lýkur. Frístundaheimili hafa mikil áhrif á félagsþroska barna og eru vettvangur þar sem þau æfa sig í vináttu og samskiptum. Börnin læra að virða hvert annað og læra þar með að allir hafa sín sér einkenni og þurfa að hafa ákveðið svigrúm. Frístundaheimili gefa börnum fastan samastað fyrir starf og leik og er staður þar sem börn eru höfð í fyrirrúmi. Þar er hlustað á þau, talað við þau og ekki síst er pláss fyrir tilfinningar þeirra á frístundaheimilinu.

Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimili leitast við að viðhafa lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.

Leitast er við að veita öllum börnum tækifæri til að taka þátt í frístundastarfi óháð getu þeirra, þroska eða fötlun þar sem sérstök áhersla er lögð á að koma til móts við alla.

## Opnun á skipulagsdögum

Þegar skipulags dagar eru þá er frístundaheimilin opin frá kl. 8-17 fyrir þau börn sem skráð eru í frístund. En foreldrar þurfa að skrá þau sérstaklega til að hægt sé að manna frístund fyrir hádegi. Til að geta boðið uppá starf í frístundaheimilinu fyrir hádegi fyrir alla nemendur í 1.- 4. bekk á skipulagsdögum þá þarf að huga að ýmsum þáttum t.d. skráningum, starfsmannafjölda, rými og matarmálum. Hér er ekki fjallað um þann kostnað sem til fellur.

Hér kemur fram tillaga eða leið til þess að skólar og frístundaheimili geti boðið öllum börnum í 1. - 4. bekk upp á frístundastarf fyrir hádegi dagana sem skipulags dagar eru:

### 1. Skráning

Mikilvægt er að skrá börn með góðum fyrirvara á skipulagsdaga svo hægt sé að manna stöðurnar. Hér er stungið upp á því að þrem vikum fyrir skipulagsdag sé þetta kynnt öllum foreldrum barna yngstu deilda skólans. Þeim er gefin frestur til að skrá barnið í eina viku. Öllum er gefið tækifæri á að skrá sig óháð því hvort þau séu fyrir skráð í frístundaheimilið. Deildarstjóri tómstundastarfs tekur síðan við skráningum og lokar þeim tveim vikum fyrir fyrirhugaðan skipulagsdag.

### 2. Mönnun

Tveim vikum fyrir skipulagsdaginn liggur fyrir hve mörg börn eru skráð. Og þá þarf að koma yfirlit yfir mönnun. Einnig þarf að fara yfir hvort börn sem þurfa stuðning séu skráð og gera svo ráðstafanir til að þau fá þann stuðning sem þau þurfa til að geta verið í frístund. Það þarf að liggja fyrir hverjir af

starfsmönnum frístundar geta unnið að morgni sem dregst frá þeim fjölda starfsmanna sem vantar. Að jafnaði eru um 100 börn skráð í meðal frístundaheimili og núna þegar það eru skipulagsdagar þá mæta um 50 af þeim að morgni skipulagsdagsins. Frístundaheimilum tekst iðulega að manna þetta starf á morgnanna en sumir starfsmanna þar vinna eingöngu eftir hádegi og geta ekki unnið að morgni. Barn með stuðning er ekki með í heildartölu þegar verið er að reikna starfsmenn út frá fjölda. Hér í töflunni er dregin upp þörfin fyrir starfsmenn eftir barnafjölda.

Dæmi um mönnun miða við barnafjölda. Mönnun án stuðningsfulltrúa.	1.-4.bekkur fjöldi barna	Mæting	Fjöldi nemenda	Nemendur pr.starfsmann	Fjöldi starfsmanna
	250	100%	250	15	16,67
		90%	225	15	15
		80%	200	15	13,33
		70%	175	15	11,67
		60%	150	15	10
		50%	125	15	8,33
		40%	100	15	6,67
		30%	75	15	5
		20%	50	15	3,33
		10%	25	15	1,67

Samkvæmt samþykkt Fræðsluráðs þá er 1 starfsmaður á hver 15 börn fyrir utan börn sem þurfa stuðning. Þessar upplýsingar um starfsmannþörf berast síðan skólustjóra sem sér um að manna í samráði við deildarstjóra tólmundastarfsins það sem á vantar af starfsmönnum.

### 3. Rými

Frístundaheimilin hafa yfir að ráða rými sem notuð er dagsdaglega eftir hádegi og það rými hafa þau líka á skipulagsdögum, rýmið dugar að jafnaði fyrir skráðan fjölda í frístund. Þegar deildarstjóri hefur metið rýmisþörf vegna skráðra barna sem ætlað er að mæti á morgni skipulagsdags þá kemur hann þeim upplýsingum til skólustjóra. Sé þörf á viðbótarrými þá heimilar skólustjóri notkun á því. Þá gæti verið að það þyrfti að nota t.d. kennslustofur, fyrirlestarsal og fl.

### 4. Matur

Á skipulagsdögum koma nemendur með nesti með sér að heiman, morgunhressingu og hádegismat en fá síðdegishressingu eins og venjulega frá skólamat. Skólinn gæti boðið upp á að börnin fengu morgunhressingu og hádegismat t.d. frá Skólamat og foreldrar greiddu auklega fyrir það. Þau börn sem skráð eru í frístund fá síðdegishressingu í frístund. Ef að börnin eru með nesti þá þarf að huga að því að þá er gott að hafa örbylgjuofn og samlokugrill, aðstaða til að sjóða vatn og aðgangur að glösum, diskum og fl. í eldhúsinu.

## 5. Reynslan úr Garðabænum

Í Garðabæ er opið fyrir alla nemendur yngstu árganga á skipulagsdögum en foreldrar þurfa að skrá börnin og greiða sérstaklega fyrir þessa þjónustu. Haft var samband við þann sem sér um starfið og spurt um aðsókn og mönnun:

"Sko það eru sjaldnast að bætast við börn sem ekki eru nú þegar skráð, tops 2-3 en oftast engin. Áður var erfitt að manna morgnanna en ekki núna þegar við erum með svona marga stuðningsfulltrúa sem eru þá nú þegar með vinnuskyldu fyrir hádegi.

Skólaárið 2017-2018 vorum við með allt upp í 180 börn á heilum dögum og minnst um svona 50-60 börn. Í ár er hinsvegar svaka góðæri og við erum mest búin að vera með tæplega 80 börn á heilum degi og minnst þRJÚ (milli jóla og nýárs) en það hefur ekki verið svona lítil skráning á heilum dögum í þau fimm ár sem ég hef starfað hérna. "

1. apríl 2019

Geir Bjarnason  
Linda H. Leifsdóttir